

Föstudaginn 28. maí 1948.

Nr. 36/1947 **Friðrik Bertelsen & Co. h/f**

(Hrl. Egill Sigurgeirsson)

gegn

Nic. Hyllestad (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Riftun kaupa. Skaðabætur.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1947, krefst sýknu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum ísl. kr. 18 426.25 með 6% ársvöxtum frá 12. október 1946 og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi pantaði hjá stefnda vörur þær, sem mál þetta er risið af, án þess að áfrýjandi hefði áður aflað innflutningsleyfis fyrir þeim og gjaldeyrisleyfis til greiðslu andvirðis þeirra. Vörurnar urðu síðan ekki fluttar hingað til lands vegna neitunar gjaldeyrisyfirvalda á leyfum til þess. Verður því að telja, að vörukaupin séu úr gildi fallin, en að áfrýjandi sé, eins og á stendur, ábyrgur til fébóta á skaða þeim, sem stefndi hefur beðið vegna þess, að vörurnar, sem voru gervivörur, framleiddar til gróðasölu á Íslandi, urðu stefnda litleysvirði. En skaðabæturnar ber að tiltaka í islenzkum krónum, enda hafa islenzk gjaldeyrisyfirvöld neitað um danskan gjaldeyri vegna varanna. Samkvæmt því, sem nú var sagt, þykir rétt að ákveða skaðabæturnar þannig: D. kr. 18 091.69 — d. kr. 4500.00 (þ. e. nú viðurkennt verðmæti varanna) = d. kr. 13 591.69, sem verða með núverandi gengi, 135.57, ísl. kr. 18 426.25. Þessa fjárhæð ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1946 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1800.00.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi Friðrik Bertelsen & Co. h/f greiði stefnda Nic. Hyllestad íslenzkar krónur 18 426.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1946 til greiðsludags og samtals kr. 1800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. marz 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Garðar hæstaréttarlögmaður Þorsteinsson, f. h. Nic. Hyllestad í Kaupmannahöfn, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. október 1946 gegn stjórn Friðriks Bertelsen & Co. h/f, f. h. félagsins, til greiðslu skuldar að fjárhæð d. kr. 21 939.50 auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1946 og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína í d. kr. 18 307.84 og krafðist 6% ársvaxta af d. kr. 18 217.97 frá ofangreindum degi. Jafnframt áskildi hann sér rétt til að krefja stefnda síðar í sérstöku máli um banka- og geymslukostnað, sem áfallinn sé eftir höfðun máls þessa, svo og um siðargreinda skuld Hermanns Sigurðssonar.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara, að dómkrafa stefnanda verði lækkuð í d. kr. 17 984.20 án vaxta. Málskostnaðar hefur stefndi krafizt í báðum tilvikum.

Málavextir eru þessir:

Hinn 3. janúar 1946 bauð stefnandi stefnda ýmsar vörur, m. a. úr bronsi. Tók umboðsmaður stefnda við tilboðinu og sýnishornum, er því fylgdu, en hinn 12. marz s. á. sendi stefnandi fleiri sýnishorn. Verðmæti sýnishorna nam samtals d. kr. 376.70. Hinn 31. janúar s. á., sendi stefndi stefnanda símskeyti og kvaðst hafa hug á slíkum vörum, en tók fram, að hann vildi hafa varning þenna í umboðssölu og spurðist fyrir um sölulaun. Stefnandi féllst þegar á þetta og lofaði að greiða stefnda 5% af verði því, er greindi í tilboðinu. Hinn 9. febrúar sendi stefndi pantanir þriggja fyrirtækja fyrir d. kr. 4673.50 samtals og hinn 28. s. m. pöntun sjálfs sín fyrir d. kr. 18 590.00. Viðurkenndi stefnandi pantanir þessar og lofaði að senda vörurnar í lok marzmánaðar. Hinn 23. marz óskaði stefndi þess í símskeyti, að frestað yrði að afgreiða síðustu pöntunina og gaf þá skýringu í bréfi, að innflutningsleyfi og gjaldeyris- fengist ekki.

Fám dögum síðar ritaði stefndi annað bréf og óskaði þess, að pönt-unin yrði afturkölluð, þar eð viðskiptaráð synjaði leyfis til inn-flutnings þessa varnings. Í bréfi 4. apríl tilkynnti stefnandi, að hann gæti ekki að öreyndu orðið við þessum óskum stefnda. Skýrir hann þar svo frá, að vörurnar hafi allar verið fullgerðar og komnar í umbúðir, þegar síðastgreint skeyti stefnda barst og hafi þeim því verið komið fyrir til geymslu á kostnað stefnda. Kvað hann sér ókleift að selja vörur þessar annars staðar en á Íslandi og skoraði því á stefnda að leita á ný til viðskiptaráðs um leyfi. Í bréfum dag-settum fyrir og eftir viðtöku síðastgreinds bréfs stefnanda, skýrir stefndi frá fullnaðarneitun viðskiptaráðs, enda sé svo mikið magn af sams konar vörum dönskum þegar til Íslands komið, að eigi sé hægt að selja þar meira. Stefnandi neitaði enn að taka til greina afturköllun pöntunar stefnda og eftir nokkrar árangurslausar sam-komulagsumleitanir var mál þetta höfðað.

Stefnukröfurnar voru sundurliðaðar svo:

1. Vörur þær, er stefndi pantaði, að frádregnum 5%	d. kr. 17 860.10
2. Andvirði sýnishorna, að frádregnum 5%	d. kr. 357.87
3. Bankakostnaður	d. kr. 216.15
4. Geymslukostnaður $\frac{3}{4}$ — $\frac{3}{10}$ '46, kr. 17.90 á mánuði	d. kr. 107.40
5. Vörur pantaðar vegna Hermanns Sigurðssonar	d. kr. 1 582.26
6. Vörur pantaðar vegna verzlunarinnar Viðis h/f	d. kr. 2 049.40
Samtals	d. kr. 22 173.18

Að frádregnum 5% umboðslaunum af framgreindum 3 pöntunum, sem afgreiddar voru til viðtakenda	d. kr. 233.68
--	---------------

Alls d. kr. 21 939.50

Eftir höfðun málsins greiddi verzlunin Viðir 6. liðinn, en stefnandi féll frá 5. liðnum, þó með áskilnaði þeim, er fyrr greinir. Jafnframt féll hann frá vaxtakröfu sinni af fjárhæðunum samkvæmt 3. og 4. lið.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt, að pantanir þær, er það sendi honum, voru háðar því, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi yrði veitt. Telur stefndi jafnframt, að afturköllun þess hafi komið nægilega snemma til að firra stefnanda öllu tjóni, þar eð hann hafi sjálfur lýst yfir því, að ekki væri unnt að senda vörurnar fyrr en í lok marzmánaðar, vegna þess að útflutningsleyfi væri eigi fengið. Hefur stefndi og véfengt, að slíks leyfis hafi verið aflað áður en afturköllun af þessu hálfu barst stefnanda.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu útflutningsleyfi sitt, dagsett 20. marz 1946, svo og afrit af reikningi, dagsettum sama dag, frá

málmvöruverksmiðju þeirri, er smíðaði muni þá, er hér um ræðir. Þá er og upp komið í málinu, að stefnda var synjað hinn 6. marz 1946 leyfis til að flytja vörur þessar hingað. Stefnandi hefur eindregið mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda, að pantanir hafi verið háðar því, að slík leyfi yrðu veitt síðar, og ekki er, gegn þeim andmælum, í ljós leitt, að slíkur fyrirvari hafi komið til tals í samningum aðilja. Þegar virt eru þessi atriði, þykir stefnda hafa brostið heimild til að afturkalla pöntun sína að óvilja stefnanda og verður sýknukrafa hans því eigi til greina tekin.

Varakrafa stefnda er byggð á mótmælum hans gegn 3. og 4. kröfulið stefnanda, sem það telur sér óviðkomandi kostnað. Jafnframt hefur stefndi eindregið andmælt ábyrgð á framangreindri kröfu á hendur Hermanní Sigurðssyni.

Gegn greindum andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært sönnur á réttmæti kröfu sinnar um bankakostnað samkvæmt 3. lið, og verður sá liður eigi til greina tekinn.

Hins vegar þykir rétt, með visun til 33. gr. laga nr. 39 frá 1922, að dæma stefnda til greiðslu geymslukostnaðar samkvæmt 4. lið, enda fjárhæð hans ekki véfengd.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til greiðslu fjárhæðanna samkvæmt 1. og 2. lið, sem eigi hafa verið véfengdar, svo og samkvæmt 4. lið, samtals d. kr. 18 325.37, að frádregnum framangreindum d. kr. 233.68 eða alls d. kr. 18 091.69 með 6% ársvöxtum, er teljast frá stefnudegi. Þá þykir og rétt að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefnda, Friðrik Bertelsen & Co. h/f, greiði stefnanda Garðari Þorsteinssyni, f. h. Nic. Hyllestad, d. kr. 18 091.69 með 6% ársvöxtum frá 12. október 1946 til greiðsludags og kr. 2200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.